

Nd.

455. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur haft frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði til meðferðar. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og kallað til sín ýmsa aðila, sem hafa gefið haldgóðar upplýsingar um fyrirhugaða verksmiðju.

Á fundi í nefndinni hafa komið til viðræðna aðilar frá eftirtöldum stofnunum: Náttúruverndarráði, Líffræðistofnuninni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Vita- og hafnamálaskrifstofunni, Járnblendifélaginu, Orkustofnun og Landsvirkjun. Enn fremur mættu á fundum hjá nefndinni forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans, ráðuneytisstjórinn í iðnaðarráðuneytinu, ritari viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, formaður Verkalýðsfélagsins á Akranesi og stjórnarmaður frá Verkalýðsfélaginu á Hvalfjarðarströnd, ásamt oddvita Skilmannahrepps. Skýrðu þeir allir viðhorf sín til verksmiðjumálsins, sem voru yfirleitt jákvæð. Einnig mætti hjá nefndinni Guðmundur Guðmundsson efnafræðingur, stjórnarmaður Sementsverksmiðju ríkisins. Var sérstaklega rætt við hann hvort og hvernig mætti nýta ryksalla frá járnblendiverksmiðjunni í sement. Standa vonir til að það megi gera.

Um fyrirhugaða járnblendiverksmiðju hefur mikið verið rætt og ritað frá því málið kom fyrst á dagskrá hér á landi.

26. apríl 1975 voru sett lög um að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags í því skyni að koma á fót járnblendiverksmiðju við Grundartanga í Hvalfirði. Fyrirhugað var að reisa verksmiðjuna í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide Corporation. Með þeim aðila stofnaði ríkisstjórnin Íslenska járnblendifélagið h/f í aprilmánuði 1975. Eignarhluti íslendinga var 55%, en eignarhluti Union Carbide 45%. Union Carbide gekk úr félaginu á s.l. sumri, en ríkisstjórnin yfirtók hlut þess í Járnblendifélaginu. Um það samdist að Union Carbide greiddi íslendingum 850 millj. kr. Var upphæðin miðuð við að ríkissjóður yrði skaðlaus vegna ýmiss konar kostnaðar við undirbúning fyrirtækisins svo og Landsvirkjun vegna seinkunar á orkusölu. Viðræður voru teknar upp við norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket a/s um aðild að fyrirtækinu. Samningar tókust og hafa þeir verið undirritaðir af Íslands hálfu með fyrirvara um samþykkt Alþingis á frumvarpi því, sem iðnaðarnefnd hefur nú fjallað um. Stofnkostnaður verksmiðj-

unnar er áætlaður 447 millj. norskra króna á verðlagi ársins 1978. Hefur áætlaður stofnkostnaður því hækkað um 71 millj. norskra króna frá árinu 1974. Áætluð ársframleiðsla er nú 50 þús. tonn, en var í eldri áætlun 47 þús. tonn. Orkustofnun og Landsvirkjun hafa gert grein fyrir orkusölusamningum til járnblendiverksmiðjunnar.

Skoðanir manna eru nokkuð skiptar um gildi stóriðju fyrir íslendinga, eins og eðlilegt má telja, þar sem um mál er að ræða, sem ekki er fengin löng reynsla fyrir. Ýmsir óttast mengun og óheilbrigði af völdum verksmiðjunnar og hafa snúist gegn málinu þess vegna. Vegna umræðna um mengunarhættu þykir rétt að birta hér kafla úr skýrslu Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 9. apríl 1975. Í þeirri skýrslu segir m. a.:

„Varðandi fyrirhugaða kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði er það mat Náttúruverndarráðs, að hættan á skaðlegum áhrifum á lífríki vegna mengunar af hennar völdum sé ekki veruleg, ef allar tiltækar varúðarráðstafanir eru gerðar, og minni en af öðrum málblendiiðnaði, svo sem af framleiðslu mangan- og krómjárnblendis. Veldur því fyrst og fremst annað hráefni svo og annar tæknibúnaður til mengunarvarna. Þrátt fyrir áratugareynslu af mikilli og hvítleiðri rykmengun frá kísiljárnbræðslum í Noregi hafa að sögn umhverfisyfirvalda þar, Statens forureningstilsyn miljödepartementet, ekki komið fram neinar upplýsingar, sem benda til þess, að slík mengun hafi haft skaðleg áhrif á gróður eða dýralíf. Á hinn bóginn var það einnig upplýst, að það hafði ekki verið sérstaklega rannsakað, og að sjálfsgöðu höfum við ekki reynslu af slíkri starfsemi hér á landi. Með þeim tæknibúnaði til rykhreinsunar, sem þróaður hefur verið á allra síðustu árum, hafa skapast möguleikar á stórfelldum úrbótum frá því sem áður var til varnar rykmengun út frá kísiljárnverksmiðjum og jafnframt verið unnt að bæta verulega innri starfsskilyrði í slíkum verksmiðjum.“

Hér hafa verið tilgreind nokkur atriði úr greinargerð Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Mengunarvarnir eru nú miklu fullkomnari en gerst hefur allt fram á síðustu ár. Fullkomnustu rykhreinsunartæki verða notuð í verksmiðjunni á Grundartanga og fylgt ströngustu reglum til þess að koma í veg fyrir mengun. Með ýmsum skilyrðum, sem heilbrigðisráðuneytið hefur sett fyrir starfsleyfi til handa járnblendiverksmiðjunni ætti að vera fengin trygging fyrir því að ströngum reglum um mengunarvarnir innan og utan verksmiðjunnar verði fylgt.

Eins og áður segir komu forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans til viðræðna við iðnaðarnefnd um járnblendiverksmiðjuna. Liggur fyrir allitarleg greinargerð frá Þjóðhagsstofnun um málið. Hér skulu tilfærð lokaorð Þjóðhagsstofnunar. Þar segir m. a.:

„Helstu niðurstöður þessara athugasemda eru þær, að í samanburði við fyrri samninga séu áætlanir um stofnun og rekstur fyrirtækisins mun traustari en áður. Á þetta einkum við um stofnkostnaðar- og rekstrarkostnaðaráætlanir um sölu og markaðsmál og fjáröflun til byggingar verksmiðjunnar. Hins vegar sýna núverandi áætlanir minni arðsemi en þær fyrri, enda sennilega mun varkárari en þær áætlanir sem gerðar voru í samvinnu við Union Carbide. Mest áhætta virðist bundin forsendum um þróun markaðsverðs, þótt hún sé almennt talin verða svipuð því, sem þessar áætlanir gera ráð fyrir.“

Í umræðum um málið á Alþingi mun verða vitnað til hinnar ítarlegu greinargerðar Þjóðhagsstofnunar frekar en hér er nú gert.

Iðnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins um járnblendiverksmiðjuna. Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið rækilega og önnur gögn, sem

málið snerta. Að vel athuguðu máli mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 31. mars 1977.

Ingólfur Jónsson, Lárus Jónsson, Benedikt Gröndal,  
form., frsm. fundaskr., með fyrirvara. með fyrirvara.  
Þórarinn Þórarinsson. Pétur Sigurðsson.